



BLAKSAM BAND
ÍSLANDS



ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS



Ársskýrsla BLÍ

2018-2019



Karlalandslið Íslands sem tók þátt í undankeppni EM 2019



Kvinnalandslið Íslands sem tók þátt í undankeppni EM 2019



Efnisyfirlit

Stjórn BLÍ	3
Nefndir BLÍ.....	4
Fjöldi blakiðkenda frá 1969 og fulltrúar á blakþingi árið 2019	5
Skýrsla stjórnar BLÍ 2018-2019.....	7
Stjórn og framkvæmdastjórn	7
Móta- og dómaramál	7
Fjölmiðlar og samskipti	8
Blakfólk ársins.....	8
Erlend samskipti	8
Fjármál.....	8
Framtíðin	8
Skýrsla mótanefndar BLÍ.....	9
Skýrsla yngriflokkaneftndar BLÍ	9
Skýrsla strandblakneftndar.....	12
Skýrsla landsliðsneftndar.....	18
Skýrsla dómaraneftndar BLÍ	22
Ársreikningur 2018.....	24
Viðaukar	35

Blaksamband Íslands

2017-2018

Stjórn BLÍ

Formaður	Jason Ívarsson
Varaformaður	Stefán Jóhannesson
Gjaldkeri	Árni Jón Eggertsson
Ritari	Kristín Harpa Hálfðánardóttir
Meðstjórnandi	Andri Hnikarr Jónsson
Varastjórn	Sigurbjörn Árni Arngrímsson Svandís Þorsteinsdóttir Steinn Einarsson
Framkvæmdastjóri	Sævar Már Guðmundsson
Verkefnastjóri	Andri Hnikarr Jónsson til 31.8 Óli Þór Júlíusson frá 1.10.2018

Nefndir BLÍ

Mótanefnd

Sigurbjörn Árni Arngrímsson
Andri Hnikarr Jónsson
Óskar Þórðarson

Landsliðsnefnd

Stefán Jóhannesson
Kristján Geir Guðmundsson

Dómaranefnd

Leifur Harðarson
Jón Ólafur Valdimarsson
Sævar Már Guðmundsson
Kristján Geir Guðmundsson

Yngriflokkanefnd

Guðrún Kristín Einarsdóttir
Halldór Elvarsson
Friðrika Marteinsdóttir
Sigríður Þórarinsdóttir
Harpa Grímsdóttir
Hrafnhildur Brynjólfsson

Aganefnd

Hreggviður Norðdahl
Jón Gunnar Sveinsson
Þorvaldur Sigurðsson

Strandblaknefnd frá sept 2017

Guðmundur Hauksson, formaður
Sigríður Pálsdóttir
Sigurður Garðar Barðason
Sandra B. Magnúsdóttir
Arnar Már Sigurðsson

Skoðunarmenn reikninga

Davíð Búi Halldórsson
Hjörtur Halldórsson

Fjölmiðlafulltrúar

Stefán Jóhannesson
Sævar Már Guðmundsson

Fjöldi blakiðkenda frá 1969 og fulltrúar á blakþingi árið 2019

ár	fjöldi	ár	fjöldi	ár	fjöldi	ár	fjöldi
1969	206	1982	2519	1995	1961	2008	2076
1970	237	1983	2426	1996	1592	2009	2005
1971	479	1984	2362	1997	1592	2010	2013
1972	649	1985	2362	1998	1217	2011	2316
1973	855	1986	2775	1999	1662	2012	2337
1974	1334	1987	2955	2000	1862	2013	2785
1975	1609	1988	2906	2001	1345	2014	2987
1976	1974	1989	2869	2002	1786	2015	3149
1977	2257	1990	2718	2003	1981	2016	3323
1978	2501	1991	2567	2004	1830	2017	3193
1979	2567	1992	2200	2005	1624	2018	3439
1980	2579	1993	2074	2006	1827		
1981	2513	1994	1848	2007	1918		

Héraðssamband	Félag	Fj. iðkenda	Fj. fulltrúa	Héraðssamband	Félag	Fj. iðkenda	Fj. fulltrúa
HHF		20	1	ÍRB		83	1
HSH		194	1		Keflavík	83	1
	UMFG	69	1	ÍS		18	1
HSK		238	1	UÍA		409	1
	UMFL	67	1		Leiknir F.	74	1
	UMFH	52	1		Einherji	30	1
	Dímon	53	1		Huginn	15	1
	Hamar	45	3		Þróttur N.	169	4
HSV		173	1	UÍF		224	1
	Vestri	131	3		BF	147	3
HSP		257	1	UMSB		15	1
	Efling	53	1		Íslendingur	11	1
	Völsungur	118	4	UMSE		118	1
ÍA		28	1	UMSK		892	1
	Bresi	28	1		HK	248	4
ÍBA		248	1		Álftanes	49	4
	KA	239	4		Afturelding	439	4
ÍBH		59	1		Gróttá	31	1
	Haukar	59	1	UMSS		19	1
ÍBR		250	1		Umf. Hjalti	19	1
	Þróttur R.	95	4	USÚ		163	1
	ÍK	55	1		Sindri	163	2
	Fylkir	41	3	USVH		15	1
ÍBV		16	1		Kormákur	15	1
	ÍBV	16	1				

Samtals fjöldi fulltrúa frá héraðssamböndum: 20
Samtals fjöldi fulltrúa frá félögum: 59

Dagskrá

47. ársþing BLÍ, haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík,
föstudaginn 29. mars 2019, kl. 16.00

1. Þingsetning, kosning þingforseta og ritara
2. Kosning í starfsnefndir þingsins;
 - a) Kjörbréfanefnd
 - b) Fjárhagsnefnd,
 - c) Laganefnd,
 - d) Allsherjarnefnd,
3. Skýrsla stjórnar
4. Reikningar síðasta starfsárs
5. Ávarp fulltrúa ÍSÍ
6. Ávarp annarra boðsgesta
7. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs
8. Laga- og leikreglnabreytingar
9. Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið
10. Umræður um framkomin mál og tillögur

Þinghlé

11. Nefndarstörf
12. Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðslur
13. Ákveðið gjald ævifélaga
14. Önnur mál
15. Kosningar;
 - a) formaður BLÍ til tveggja ára,
 - b) tveggja meðstjórnenda til tveggja ára,
 - b) þriggja í varastjórn til eins árs,
 - c) tveggja skoðunarmanna reikninga

Þingslit

Skýrsla stjórnar BLÍ 2018-2019

Stjórn og framkvæmdastjórn

Þingheimur 46. ársþings BLÍ kaus þau Stefán Jóhannesson og Kristínu Hörpu Hálfðánardóttur í stjórn sambandsins til tveggja ára. Fyrir í stjórn voru Árni Jón Eggertsson og Andri Hnikarr Jónsson. Í varastjórn voru þau kosin Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Steinn Einarsson og Svandís Þorsteinsdóttir.

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Varaformaður, Stefán Jóhannesson, gjaldkeri Árni Jón Eggertsson, ritari Kristín Harpa Hálfðánardóttir og meðstjórnandi Andri Hnikarr Jónsson.

Sævar Már Guðmundsson var áfram framkvæmdastjóri sambandsins í fullu starfi og með honum á skrifstofunni var Andri Hnikarr Jónsson verkefnastjóri. UMSK hljóp undir bagga með ráðningu Hnikarrs í fulla stöðu með því að greiða hluta af hans árslaunum fyrir verkefni sem hann vann síðasta vetur. Í lok ágúst hætti Andri Hnikarr og þann 1. október var Óli Þór Júlíusson ráðinn í hans stað. Árið 2018 var fyrsta árið sem tvö full stöðugildi voru hjá sambandinu.

Stjórnin hélt 13 bókaða fundi á starfsárinu. Þess á milli höfðu stjórnarmenn töluverð samskipti með tölvubréfum og símtölum.

Móta- og dómaramál

Íslandsmótið sem nú er í gangi er umfangsmikið að venju. Leikið er í fjórum deildum karla og 7 deildum kvenna. Alls eru 90 lið í Íslandsmóti BLÍ á þessu leiktímabili.

Úrvalsdeildir karla og kvenna heita Mizunodeildirnar í blaki fimmta árið í röð. Í karladeildinni leika 5 lið og 7 í kvennadeildinni. Öll liðin í hvorri deild leika í úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitil þar sem það þarf að vinna leik í umspilsleik í karlaflokki og vinna tvo leiki í kvennaflokki til að komast í undanúrslit. Vinna þarf tvo leiki í undanúrslitum til að komast í úrslit Íslandsmótsins en þar þarf að vinna þrjá leiki til að hampa titlinum.

Fyrir deildakeppnina var spilað um meistara meistaranna 2018 þar sem Íslandsmeistarar mæta bikarmeisturum. Leikið var á Húsavík fyrir fjölda áhorfenda og blakdeild Völsungs fengin til að sjá um þessa leiki. HK varð meistari meistaranna í kvennaflokki eftir leik gegn Íslandsmeisturum Þróttar Nes en Íslandsmeistaralið KA vann titilinn í karlaflokki eftir sigur á HK.

Eftir frábæra tilraun á síðustu leiktíð tókst ekki að semja um blak í beinni útsendingu í sjónvarpi. Sporttv hafði mikinn áhuga á að sýna leiki en vantaði fjármagn til þess og því varð ekkert úr. Þó náði BLÍ að fjármagna sýningu á undanúrslitum Kjörísbikarsins á Sporttv og þá verður allt gert til þess að leikirnir í úrslitum Íslandsmótsins 2019 verði sýndir á Sporttv. Ljóst er að fjölmiðlaumfjöllun um blak verður strax meiri á öðrum miðlum séu leikir sýndir í sjónvarpi líkt og á síðustu leiktíð.

Rafræn leikskýrsla hefur fest sig í sessi í íslensku blaki. Tölfræðihluta forritsins þarf þó að bæta og eru uppi áætlanir um að aðstoða félögin enn meira í náninni framtíð en því miður eru of fáir sem hafa náð fullkomnum tókum á innslætti á tölfræðinni.

Verðlaun fyrir Mizunolið fyrri hlutans voru afhent á blaðamannafundi í desember um leið og blakfólki ársins voru afhent sín verðlaun. Þá voru Mizunolið tímabilsins verðlaunuð í kringum úrslitahelgina í Kjörísbikarnum 22.-24. mars sl.

Samstarfið við Kjörís vegna Bikarkeppni BLÍ gengur vel. Keppnin heitir Kjörísbikarinn en úrslitahelgin var í Digranesi dagana 22.-24. mars. Þar kepptu átta lið í undanúrslitum föstudagskvöldi og á laugardegi og úrslitin fóru fram á sunnudegi. RÚV sýnir báða úrslitaleikina í beinni útsendingu en undanúrslitaleikirnir voru á Sporttv.

Dómurum fjölgaði nokkuð á keppnistímabilinu og því gekk betur en oft áður að fá dómara til starfa. Það er samt töluvert langt í land að fjöldi dómara sé nægjanlegur. Þar verða félögin að senda fleiri þátttakendur á þau dómaramámskeið sem eru í boði.

Alþjóðlegir dómarar BLÍ fengu að venju fjölmörg verkefni á starfsárinu. Sævar og Jón Ólafur dæmdu leik í riðlakeppni EM í ágúst og tóku svo að sér hlutverk varadómara í leikjum Íslands á heimavelli, bæði í ágúst og í janúar. Bæði Sævar og Jón Ólafur hafa dæmt í Evrópukeppni félagsliða í vetur og fóru þeir á sitthvort NEVZA mót unglinga í október.

Fjölmíðlar og samskipti

Fjölmíðlaumfjöllun um blak hefur ekki verið upp á marga fiska þetta leiktímabil. Þó hafa miðlarnir tekið rispur í kringum landsliðin okkar og voru t.a.m. allir heimaleikir íslensku landsliðanna sýndir á RÚV í ágúst og í janúar. Það er jákvæð þróun og vonandi verður þetta fast í framhaldinu. Blakfréttir.is ber höfuð og herðar yfir aðra miðla hvað umfjöllun um blak varðar enda svosum þeirra eina markmið að fjalla um blak. Samfélagsmiðlarnir koma alltaf meira og meira inn en það þarf að veit því nokkuð gott aðhald og mikilvægt að halda síðum á fésbók uppfærðri. Instagram er nýtt þegar um stóra viðburði er að ræða.

Félögin eru mörg hver með beinar útsendingar frá sínum heimaleikjum í gegnum Fésbókina eða aðra miðla. Það er mjög jákvæð þróun og virðist það vera einfalt að koma leikjum út í beina útsendingu á netinu.

Heimasíða sambandsins er upplýsingasíða sem allir geta leitað. Ekki má líta á heimasíðuna sem fjölmiðil en inn á hana fara þó allar helstu tilkynningar sem sambandið þarf að koma frá sér.

Samskipti við fjölmiðla hafa helst verið í gegnum heimasíðu BLÍ eða með tölvubréfum. Auka þarf samskipti við fjölmiðla beint til þess að auka umfjöllun um íþróttina.

Blakfólk ársins

Kristján Valdimarsson og Thelma Dögg Grétarsdóttir voru blakfólk ársins 2018. Á árinu unnu þau bæði til fjölmargra verðlauna og bar þar hæst þátttaka þeirra í landsliðunum, en bæði landsliðin stigu stór skref í sögu sambandsins þegar þau tóku þátt í riðlakeppni Evrópumótsins. Bæði hafa þau leikið blak í öðrum löndum á leiktímabilinu, Kristján í Noregi og Thelma í Slóvakíu.

Erlend samskipti

Formaður BLÍ fór á ársþing FIVB í Mexíkó í nóvember en þar sótt hann einnig fundi NEVZA og SCA. Að auki sótti Jason ársþing CEV en það var haldið á sama stað í hagræðingarskyni. Guðmundur Helgi Þorsteinsson situr í stjórn CEV og í stjórn SCA og aðstoðar Blaksambandið í málefnum tengdum Evrópu.

Fjármál

Velta sambandsins stóð í stað milli ára og var tæplega 67 milljónir árið 2018. Tap var á rekstri sambandsins enda aukin umsvif. Ber þar helst að nefna þátttöku landsliðanna í riðlakeppni EM en fyrirkomulagið er okkur mjög dýrt þar sem hótélverð á Íslandi er of hátt. Nánari upplýsingar eru í ársreikningi fyrir árið 2018.

Framtíðin

Blakíþróttin er í hægum en öruggum vexti og hefur verið svo mörg undanfarin ár. Vöxtur íþróttarinnar byggist að sjálfsögðu á því að fá unga iðkendur til liðs við hana. Í ljósi þess hefur stjórn BLÍ ásamt landsliðsnefnd fjölgað yngri landsliðunum og verkefnum fyrir þau.

Búið er að bæta við starfsmanni á skrifstofuna sem hjálpar okkur að dafna enn frekar í uppbyggingunni.

Það er ljóst að með tilkomu innheimtu á iðkendagjaldi hefur verið hægt að bæta þjónustuna og reksturinn verið þægilegri. Betur má gera í ýmsu en allt tekur tíma og er næsta skref að taka heimasíðu sambandsins í gegn og gera hana aðgengilegri.

Stjórn Blaksambands Íslands þakkar stuðningsaðilum og öllum þeim sem störfuðu í þágu hreyfingarinnar á síðasta starfsári fyrir gott samstarf og hvetur til áframhaldandi vinnu á þeirri braut.

Stjórn Blaksambands Íslands

Skýrsla mótanefndar BLÍ

Fyrir keppnistímabilið 2018-2019 var Sigurbjörn Árni Arngrímsson skipaður formaður mótanefndar BLÍ og með honum í nefndinni voru Andri Hnikarr Jónsson og Óskar Þórðarson. Óli Þór Júlíusson var ráðinn á haustdögum inn á skrifstofu BLÍ og sinnti starfinu „Mótastjóri“ og vann það í samstarfi við mótanefnd.

Mót vetrarins voru hefðbundin en þónokkur vinna hefur farið í það hjá mótanefnd í vetur að taka á úrskurðum um ólöglega leikmenn, m.a. vegna óskýrs orðalags í reglugerðum BLÍ. Mótanefnd hefur lagt til breytingar fyrir Ársþing BLÍ 2019 á reglugerðunum til að reyna að koma í veg fyrir misskilning og rangtúlkun á reglugerðunum.

Leiktímabilinu 2018 – 2019 er ekki að fullu lokið en allar upplýsingar um stöðu móta má finna á heimasíðu BLÍ.

Mótanefnd BLÍ

Sigurbjörn Árni Arngrímsson
Andri Hnikarr Jónsson
Óskar Þórðarson

Skýrsla yngriflokkanefndar BLÍ

Í nefndinni starfsárið 2018-2019 störfuðu:

Guðrún K Einardóttir - Afturelding, formaður
Friðrika Marteinsdóttir - KA
Halldór Elvarsson - HK
Harpa Grímsdóttir - Vestri
Hrafnhildur Brynjólfssdóttir - Þrótti R.
Sigríður Þrúður Þórarinsdóttir - Þrótti Nes
Kolbrún Lára Vilhelmsdóttir - Huginn. Kom inn í nefndina á miðju ári.

Nefndin hittist á fundum til þess að skipuleggja mót hjá yngri flokkum og ræða breytingar á reglum og keppnisfyrirkomulagi.

Íslandsmót yngri flokka

Leikárið 2017-2018 fyrir 2.flokk var ákveðið í kjölfar Ársþings BLÍ 2017 þar sem yngri flokka leikmaður kom með tillögu um að 2. flokkurinn myndi spila alvöru leiki, heima og að heiman. Yngri flokka nefndinni var falið af stjórn BLÍ að útfæra og reyna það fyrirkomulag. Sú keppni var keyrð í bæði pilta og stúlknaflokki og tóku fjögur piltalið þátt í mótinu - Afturelding, HK, Vestri og Þróttur Nes. Stúlknifeigin voru liðin sex framan af: Afturelding, HK, Vestri, Völsungur, Þróttur Nes og Þróttur R. en Völsungur dró sig út um áramótin.

Mjög erfiðlega reyndist að spila þessa leiki og fór svo að þeir kláruðust eiginlega aldrei og ekki voru veitt verðlaun í lok mótsins eins og hefðin er. Ein af ástæðunum var að mjög erfitt reyndist að finna spilatíma og ferðalög löng og dýr.

Á sumarfundi yngri flokka nefndar BLÍ 2018 var ákveðið að fara hálfa leið með þetta fyrirkomulag á yfirstandandi tímabili. Á haustmóti yrði spiluð ein umferð og dregið yrði síðan um það hvar heimaleikurinn lenti í seinni umferðinni og skyldu liðin deila með sér kostnaði við ferðalögin. Passa þyrfti þó upp á það að öll lið fengju heimaleik og gekk það eftir. Þau lið sem væru með lið í Mizunodeildum skyldu spila þau samhliða. Ákveðið var að mótastjóri myndi sjá um niðurröðun leikjanna eins og hjá öðrum deildum. Leikirnir byrjuðu mjög seint í haust og eru ennþá ólokið tveimur leikjum stúlknifeigin en aðrir leikir hafa klárast.

Drengjamegin þurfti Afturelding að draga sig út úr keppninni þar sem leikmennn skiptu yfir í annað félag og því ekki lengur grundvöllur til að halda úti liði og þar sem einungis tvö lið voru þá eftir þá var hætt við þetta fyrirkomulag. Annar flokkur pilta hefur því aðeins spilað á tveimur mótum í vetur. Íslandsmóti sem haldið var á Húsavík í lok september og svo á bikarmóti BLÍ í byrjun febrúar á Akureyri. Það verður að teljast mjög lítið fyrir drengi á aldrinum 16-20 ára og ekki vænlegt fyrir framtíðar blakara á Íslandi.

Vonandi fá sem flestir drengir á þessum aldri að spila með meistaraflokkum sinna félaga til að fá einhvern spilatíma eða í neðri deildum Íslandsmótsins svo við missum þá ekki alla út íþróttinni.

Árið 2003 var byrjað með svokallað krakkablað sem breytti öllu fyrir yngri iðkendum í blaki á Íslandi og iðkendum í yngri flokkum fjölgaði mjög mikið á næstu árum. Það var spilað í fjögurra manna liðum en ekki sex manna liðum. Þessu var komið inn í íþróttakennaraskólann á Laugarvatni og tóku íþróttakennarar almennt mjög vel í þessa breytingu og byrjuðu að kenna börnum blak í skólum aftur. Árið 2017 var beiðni um að fara í tveggja manna blak með krakkana og var það í skoðun. Á síðasta ári komu hugmyndir frá núverandi landsliðsþjálfurum um að spila þriggja manna blak í 5. og 6. flokki og var ákveðið að reyna það í vetur og sjá hvernig til tækist.

Hugmyndafræðin er sú sama og í sex manna blaki, þrjár snertingar - móttaka, uppspil og smass. Í hverju liði skyldu þó vera a.m.k. fjórir liðsmenn því skipta þyrfti inn við uppgjöf. Þessi aldurshópur hefur eingöngu spilað á einu móti, en það var haldið í Neskaupstað í nóvember og tókst það vel.

Spilað var með nýju fyrirkomulagi sem gekk út á að spila a.m.k. tvær snertingar, þrjár uppgjafir á leikmann og sú þriðja mátti vera yfirhandar. Spilað var á stórum bandmintonvelli og þrír inn á í einu. Spilað var upp á tíma þannig að leikirnir voru í 2x 8 mínútur. Ef hrina endaði jöfn var spilað svokallað "gullstig". Ef hrinur stóðu 1-1 í lok tíma þá var spiluð oddahrina upp í 5.

Þetta fyrirkomulag verður einnig á seinna Íslandsmótinu að Varmá í byrjun maí og mun þurfa að taka stöðuna með þjálfurum eftir tímabilið upp á það hvernig þessi tilraun tókst til og hvort hún sé það sem við þurfum í krakkablaðinu og getum byggt á.

Bikarmót yngri flokka

Á bikarmóti yngri flokka 2018 sem haldið var að Varmá í Mosfellsbæ í byrjun febrúar var í fyrsta sinn sleppt því að spila undanúrslita - og úrslitaleiki í 3. og 4. flokki en úrslitaleikir voru spilaðir í 2. flokki pílta og stúlkna.

Ákveðið hafði verið að spila undanúrslitaleikina og úrslitaleikina samhliða Final 4 helginni í Kjörísbikarkeppni Blaksambands Íslands. Það kom í ljós að það voru aðeins of margir leikir spilaðir og þurfti að hætta í miðjum úrslitaleik vegna beinnar útsendingar hjá RÚV á leikjum í úrslitum meistaraflokkanna. Leikurinn var síðan kláraður eftir úrslitaleikina.

Í ár var passað upp á þetta og fyrirkomulaginu breytt þannig að undanúrslitaleikirnir voru spilaðir á Bikarmótinu á Akureyri í byrjun febrúar og eingöngu úrslitin í 3. og 4. flokki pílta og stúlkna voru spilaðir samhliða Final 4 helginni. Það er skemmtilegt fyrir krakkana að fá að spila í þessari umgjörð og verður vonandi með tímanum einn af stærstu viðburðunum hjá yngri flokkunum.

Æfingabúðir barna og unglinga

Haldnar voru æfingabúðir fyrir börn og unglinga í ágúst eins og verið hefur undanfarin ár. Þeir árgangar sem fengu boð í búðirnar voru krakkar fæddir 1999-2006.

Yngri flokka nefndin hefur ávallt lagt upp með það að landsliðspjálfarar komi að þessum búðum og einnig reyndum við að fá fyrirlestur um næringu fyrir krakkana en það gekk ekki eftir.

Æfingabúðirnar hittu á sömu helgi og stórir landsleikir voru spilaðir í Digranesi. Ákveðið var búðirnar myndu enda þá helgi enda ekki á hverjum degi sem svo stórar blakþjóðir spila við landsliðin okkar. Blaksambandið bauð upp á rútuferðir frá Varmá upp í Digranes á leikina á sunnudeginum þar sem íslenska kvennalandsliðið spilaði við Slóveníu og karlalíðið við Moldavíu.

Í æfingabúðirnar mættu 109 krakkar og nýttu 40 af þeim sér gistingu í Varmárskóla. Allir þáttakendur fengu hádegismat báða dagana en þeir sem gistu fengu einnig morgunmat og kvöldmat auk þess sem allir fengu frítt í sund.

Skólamót UMSK

UMSK stóð fyrir skólamóti innan UMSK svæðisins í maí og var það liður í því að aðstoða okkur við að gera blakíþróttina sýnilega. Ég vil nota tækifærið og þakka þeim fyrir þetta framtak og þann áhuga sem þeir hjá UMSK sýna íþróttinni okkar. Var keyptur búnaður og settir upp blakvellingir á gervigrasinu í Kórnum og urðu þeir samtals 60 talsins. Um 600 börn frá skólum í Mosfellsbæ, Kópavogi, Seltjarnarnesi og Garðabæ mættu og spiluðu tveggja manna blak í um tvær klukkustundir á skólatíma. Þeim fannst þetta mjög skemmtilegt og er það von mín að íþróttakennarar taki þetta upp og aðstoði við að vekja áhuga á íþróttinni þannig að börnin sækji í þau félög sem bjóða upp á blakíþróttina. UMSK lagði mikið í þetta verkefni og var mótastjóri BLÍ í vinnu hjá UMSK sem verkefnastjóri í þessu verkefni. Hann fór í skólana, kynnti verkefnið og hvernig yrði spilað á mótinu. Ljóst er að framhald verður á því næsta mót fer fram í haust, aðra vikuna í október og er það von mín að félögin á svæðinu nái inn fleiri iðkendum í gegnum þetta frábæra verkefni.

Það er alveg ljóst að það þarf að fara í miklar aðgerðir á landsvísu til þess að koma í veg fyrir það að blakiðkun leggist af. Erfiðara og erfiðara er að ná inn krökkunum á æfingar enda ekkert sem hvetur til þess utan frá séð. Lítil sem engin umfjöllun er um blakið í fjölmiðlum og krakkarnir sjá hvorki né þekkja landsliðsfólkið okkar. Ég biðla til BLÍ um að gera gangskör í samstarfi við félögin í landinu m.a. að setja í gang stefnumótun til a.m.k. 5

ára hvað varðar uppbygginguna í blakíþróttinni og hvernig skuli unnið að því að gera íþróttina áhugaverða fyrir yngri iðkendur.

Það er ljóst að drengjum fer mjög fækkandi og við þrúfum að sporna við því að þetta verði ekki eingöngu „stelpusport“ og finna leið til að koma okkur á framfæri þannig að krakkar vilji æfa þessa íþrótt og strákum finnist hún flott líka. Enn og aftur kallar yngriflokkanefnd BLÍ á samvinnu við landsliðsnefndina og landsliðsþjálfara yngri liðanna.

Leiktímabilinu er þó ekki lokið en upplýsingar um umfangið má finna á www.krakkablak.bli.is og á www.blak.is.

Að lokum þakka ég stjórnarmeðlimum í yngri flokka nefndinni fyrir samvinnuna á árinu og góð störf.

Guðrún K. Einarsdóttir

Formaður yngriflokkanefndar BLÍ

Skýrsla strandblaknefndar

Haustið 2017 tók ný nefnd til starfa. Hana skipa:

- Guðmundur Hauksson, formaður
- Sigríður Pálsdóttir
- Sigurður Garðar Barðason
- Sandra B. Magnúsdóttir
- Arnar Már Sigurðsson

Helstu verkefni nefndarinnar hafa verið að skipuleggja og halda mót, vera öðrum mótshöldurum innan handar og að koma nýju stigakerfi fyrir strandblakið í gagnið.

Meðlimir nefndarinnar tóku á móti almenningi á völlum við Laugardalslaug á alþjóða Ólympíudeginum, þann 8. október, og kynntu strandblak. Óhætt er að segja að þátttaka hafi verið dræm enda hentar hitastig á þessum tíma árs ekki til strandblaksiðkunar.

Engin landsliðsverkefni voru á árinu 2018 en nauðsynlega þarf að móta stefnu varðandi landsliðsmál hjá strandblaksiðkenndum.

Mót sumarsins

Fimm stigamót voru haldin sumarið 2018 víða um land en að auki var Íslandsmót haldið í ágúst. Í fyrsta skipti var Íslandsmótið haldið á Akureyri, þar sem aðstaða til strandblaksiðkunar er með besta móti. Í sumar var völlum þar fjölgað um tvo og skipt um sand í eldri völlum.

Sem fyrr var frábær þátttaka í öllum mótum sumarsins og skráðu 226 lið sig til leiks í heildina, 82 karlalið og 144 kvennalið.

Leiknir voru 480 leikir, 1028 hrinur og í þeim skoruð 32172 stig.

Úrslit úr öllum leikjum sumarsins ásamt stigastöðu má finna á www.stigakerfi.net, nýju stigakerfi strandblaksnefndarinnar.

Íslandsmótið í strandblaki 2018

Íslandsmótið í strandblaki fór fram dagana 10. – 12. ágúst á Akureyri í blíðskaparveðri. 34 lið tóku þátt að þessu sinni.

Íslandsmeistarar í kvennaflokki urðu Velina Apostolova og Perla Ingólfssdóttir. Heiðbjört Gylfadóttir og Laufey Björk Sigmundsdóttir hrepptu 2. sæti og í 3. sæti enduðu Birna Baldursdóttir og Dýrleif Hanna Sigmundsdóttir.

Íslandsmeistarar í karlaflokki urðu Austris Bukovskis og Sigþór Helgason. 2. sætið tóku reynsluboltarnir þeir Karl Sigurðsson og Arnar Halldórsson og í 3. sæti urðu norðanmennirnir Arnar Már Sigurðsson og Filip Pawel Szewczyk.

Stigameistarar 2018

Konur – Perla Ingólfssdóttir

Perla tók þátt í öllum mótum sumarsins og var ofarlega í þeim öllum án þess þó að ná sigra. Segja má að Perla hafi toppað á réttum tíma, því með Íslandsmeistaratitlinum tryggði hún sér stigameistaratitilinn með því að ná 550 stigum yfir sumarið.

Karlar – Janis Novikovs

Janis varð stigameistari með miklum yfirburðum. Janis tók þátt í öllum mótum sumarsins og varð hlutskarpastur í fjórum mótum. Janis náði 575 stigum, 155 sigum á undan næsta keppanda.

Íslandsmót Unglinga 2018

Íslandsmótið fór fram í Laugardalnum dagana 25. og 26. ágúst. Keppt var í U19 flokki drengja og í U17 og U15 flokkum stúlkna.

U19 – Drengir

1. Hilmir Berg Halldórsson og Ólafur Örn Thoroddsen
2. Hermann Hlynsson og Elvar Örn Halldórsson
3. Davíð Frey rogg Egill Þór Beck

U17 – Stúlkur

1. Jóna Margrét Arnarsdóttir og Daníela Grétarsdóttir
2. Ragnhildur Guðrún Guðmundsdóttir og Heiðís Emma Sigurðardóttir
3. Katla Logadóttir og Katrín Sunna Hlynisdóttir

U15 – Stúlkur

1. Ragnhildur Guðrún Guðmundsdóttir og Heiðís Emma Sigurðardóttir
2. Katla Logadóttir og Katrín Sunna Hlynisdóttir
3. Arndís Diljá Óskarsdóttir og Úlfheiður Linnet

Íslandsmeistarar frá upphafi strandblaks á Íslandi

Í karlaflokki:

2004 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
 2005 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
 2006 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
 2007 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
 2008 – Brynjar Pétursson og Michael Overhage
 2009 – Emil Gunnarsson og Karl Sigurðsson
 2010 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
 2011 – Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson
 2012 – Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson
 2013 – Lúðvík Már Matthíasson og Theódór Óskar Þorvaldsson
 2014 – Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson
 2015 – Karl Sigurðsson og Guðmundur P. Guðmundsson
 2016 – Hafsteinn Valdimarsson og Kristján Valdimarsson
 2017 – Janis Novikovs og Austris Bukovskis
 2018 – Austris Bukovskis og Sigþór Helgason

Í kvennaflokki:

2004 – Birna Baldursdóttir og Karen Björg Gunnarsdóttir
 2005 – Birna Baldursdóttir og Karen Björg Gunnarsdóttir
 2006 – Heiðbjört Gylfadóttir og Þórey Haraldsdóttir
 2007 – Heiðbjört Gylfadóttir og Þórey Haraldsdóttir
 2008 – Laufey Björk Sigmundsdóttir og Lilja Jónsdóttir
 2009 – Laufey Björk Sigmundsdóttir og Lilja Jónsdóttir
 2010 – Birna Baldursdóttir og Fríða Sigurðardóttir
 2011 – Fríða Sigurðardóttir og Birta Björnsdóttir
 2012 – Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir
 2013 – Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir
 2014 – Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir
 2015 – Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir
 2016 – Elísabet Einarsdóttir og Matthildur Einarsdóttir
 2017 – Elísabet Einarsdóttir og Matthildur Einarsdóttir
 2018 – Velina Apostolova og Perla Ingólfssdóttir

Unglingaflokkar:

U15 stúlkur

2017 – Hekla Hrafnisdóttir og Katla Hrafnisdóttir
 2018 – Ragnhildur Guðrún Guðmundsdóttir og Heiðís Emma Sigurðardóttir

U15 piltar

2016 – Gunnar Heimir Ólafsson og Markús Ingi Matthíasson

U-17 pítla:

- 2011 - Lúðvík Már Matthíasson og Stefán Þór Þorsteinsson (HK)
- 2012 - Valgeir Þór Jakobsson og Viktor Emile Gauvrit (UMFA)
- 2013 – Lúðvík Már Matthíasson og Theódór Óskar Þorvaldsson (HK)
- 2014 – Theódór Óskar Þorvaldsson og Máni Matthíasson (HK)
- 2015 - Elías Rafn Ólafsson og Máni Matthíasson (HK)

U-17 stúlkna:

- 2011 - Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir (HK)
- 2012 - Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir (HK)
- 2013 – Thelma Dögg Grétarsdóttir og Rósborg Halldórsdóttir (UMFA)
- 2014 – Elísabet Einarsdóttir og Matthildur Einarsdóttir (HK)
- 2015 - Elísabet Einarsdóttir og Matthildur Einarsdóttir (HK)
- 2017 – Eldey Hrafnisdóttir og Elísabet Nhien Yen Huynh (Þróttur R)
- 2018 – Jóna Margrét Arnarsdóttir og Daniela Grétarsdóttir

U-19 karla:

- 2016 – Hilmir Berg Halldórsson og Ólafur Örn Thoroddsen
- 2018 – Hilmir Berg Halldórsson og Ólafur Örn Thoroddsen

U-19 kvenna:

- 2016 – Elísabet Einarsdóttir og Matthildur Einarsdóttir
- 2017 – Eldey Hrafnisdóttir og Elísabet Nhien Yen Huynh (Þróttur R)

U-21 karla:

- 2010 - Hafsteinn Valdimarsson og Kristján Valdimarsson (Hamri)
- 2011 - Ólafur J Júlíusson og Alexander Stefánsson (HK)
- 2012 - Valgeir Þór Jakobsson og Viktor Emile Gauvrit (UMFA)
- 2013 – Lúðvík Már Matthíasson og Theódór Óskar Þorvaldsson (HK)
- 2014 – Theódór Óskar Þorvaldsson og Máni Matthíasson (HK)
- 2015 – Viktor Emile og Máni Matthíasson (UMFA / HK)

U-21 kvenna:

- 2010 - Hjördís Eiríksdóttir og Fjóla Rut Svavarsdóttir (Stjarnan/Þróttur)
- 2011 - Birta Björnsdóttir og Helena Kristín Gunnarsdóttir (HK / Þróttur N)
- 2012 - Hjördís Eiríksdóttir og Steinunn Helga Björgólfsdóttir (Stjarnan / HK)
- 2013 – Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir (HK)
- 2014 – Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir (HK)
- 2015 – Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir (HK)

Landslið í strandblaki frá upphafi og mót:**2005 – Smáþjóðaleikar í Andorra**

Einar Sigurðsson og Brynjar J Pétursson

2007 – Smáþjóðaleikar í Monaco

Karl Sigurðsson og Brynjar J Pétursson

Heiðbjört Gylfadóttir og Þórey Haraldsdóttir (3. Sæti)

2009 – Smáþjóðaleikar á Kýpur

Einar Sigurðsson og Brynjar J Pétursson

Laufey Björk Sigmundsdóttir og Lilja Jónsdóttir

2010 - Undankeppni Ólympíuleika á Kanarý

Emil Gunnarsson og Orri Þór Jónsson

Einar Sigurðsson og Róbert Karl Hlöðversson

Birna Baldursdóttir og Fríða Sigurðardóttir

Lilja Jónsdóttir og Karen Björg Gunnarsdóttir

2011 – Smáþjóðaleikar í Liechtenstein

Einar Sigurðsson og Róbert Karl Hlöðversson

Laufey Björk Sigmundsdóttir og Birna Baldursdóttir

2013 – Smáþjóðaleikar í Luxemborg

Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson

Laufey Björk Sigmundsdóttir og Lilja Jónsdóttir

2014 – Undankeppni Ólympíuleika í Portúgal

Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir

Birna Baldursdóttir og Birta Björnsdóttir

Lúðvík Már Matthíasson og Theódór Óskar Þorvaldsson

Kristján Valdimarsson og Hafsteinn Valdimarsson

2014 – Undankeppni Ólympíuleika í Danmörku

Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir

Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir og Thelma Dögg Grétarsdóttir

Lúðvík Már Matthíasson og Theódór Óskar Þorvaldsson

Kristján Valdimarsson og Hafsteinn Valdimarsson

2015 – Smáþjóðaleikar á Íslandi

Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir

Orri Þór Jónsson og Einar Sigurðsson

2017 – Smáþjóðaleikar í San Marino

Matthildur Einarsdóttir og Heiða Elísabet Gunnarsdóttir
Valgeir Valgeirsson og Benedikt Rúnar Valtýsson

Unglingalandslið í strandblaki frá upphafi og mót:**2011 – NEVZA U-19 í Noregi**

Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir
Hjördís Eiríksdóttir og Helena Gunnarsdóttir

2013 – Undankeppni Ólympíuleika unglunga í Berlín

Elísabet Einarsdóttir og Thelma Dögg Grétarsdóttir
Lúðvík Már Matthíasson og Theódór Óskar Þorvaldsson

2013 – NEVZA U-19 í Noregi

Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir (1. Sæti)
Lúðvík Már Matthíasson og Theódór Óskar Þorvaldsson

2014 – Evrópumót unglunga á Ítalíu

Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir

2015 – Evrópumót U-22 í Portúgal

Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir

Lokaorð

Mótaröð fyrir sumarið 2019 hefur verið gerð opinber á vef BLÍ. Keppt verður á fimm stigamótum auk Íslandsmóts. Í þetta skiptið hefur Hveragerði ekki tilkynnt þátttöku en nauðsynlegt er að skipta um sand á báðum völlum. Stefnt er að því að halda mót í Garðabæ í fyrsta skipti en nýir vellir verða vonandi opnaðir á Ásgarðssvæðinu með vorinu.

Stefna varðandi landsliðsmál í strandblaki hefur ekki enn verið mótuð.

Síðasta vetur fór lítill hópur á eigin vegum í heimsókn til Kaupmannahafnar, Gautaborgar og Stokkhólms til að skoða þá inniaðstöðu sem er þar í boði. Kannaðar voru rekstrarforsendur og hönnun á húsunum og telur hópurinn líklegt að hægt væri að reka hús með 6 völlum á Íslandi. Stofnkostnaður er þó hár en hópurinn vinnur að því að fá fjárfesta að verkefninu.

Fyrir hönd Strandblaknefndar BLÍ,

Guðmundur Hauksson, formaður

Skýrsla landsliðsnefndar

Landsliðsnefnd BLÍ skipa Stefán Jóhannesson, formaður og Kristján Geir Guðmundsson. Nefndin starfaði bæði með formlegum og óformlegum hætti. Meginverkefni nefndarinnar er stefnumótun fyrir A- landsliðin, ráðning landsliðsþjálfara og aðstoð og umsýsla við landsliðsverkefni innandyra sem utan. Einnig er undir hatti nefndarinnar að halda utan um unglingalandsliðsmál.

Árið 2018 var mjög viðburðaríkt í afreksmálum Blaksambands Íslands. Í lok síðasta árs var ákveðið að taka þátt í Evrópukeppni landsliða, eftir gott ár 2017 hjá landsliðunum. Auk þátttöku A landsliðanna í þeirri keppni voru U17 og U19 stúlkur í Evrópukeppnum í janúar og U20 í Evrópukeppni Smáþjóða karla í mars. Þá sendum við einnig lið í NEVZA keppni U17 og U19 í október. Alls voru 202 leikmenn að spila landsleiki á árinu og um 60 manns sem komu að þjálfun, sjúkrapþjálfun eða fararstjórn hjá sambandinu. Opinberir landsleikir voru 40 talsins auk fjölmargra æfingaleikja.

U17 landslið kvenna

Hélt til Olomouc í Tékklandi í EM frá 5.-7. janúar. Þetta var 2. umferð keppninnar og spilaði Ísland í C riðli ásamt Spáni, Slóveníu og Tékklandi. Liðið spilaði þarna við ofjarla sína í þessu móti en þátttakan var gríðarlega mikilvæg fyrir reynslubanka ungra leikmanna íslenska landsliðsins.

Úrslit

5.1.2018. Tékkland-Ísland	3-0 (25-11, 25-11, 25-7)
6.1.2018 Slóvenía-Ísland	3-0 (25-6, 25-8, 25-9)
7.1.2018 Ísland-Spánn	0-3 (10-25, 11-25, 9-25)

Þjálfarar voru Daniele Capriotti og Erla Bjarný Jónsdóttir en fararstjóri liðsins var Hrafnhildur Brynjólfssdóttir.

Leikmenn: Söldís Björt Leifsdóttir Blöndal, Katla Vigdís Vernharðsdóttir, Daníela Grétarsdóttir, Katla Hrafnssdóttir, Eyrún Arna Ingólfssdóttir, Arna Sólrún Heimisdóttir, Hekla Hrafnssdóttir, Ester Rún Jónsdóttir, Arney Kjartansdóttir, Líney Inga Guðmundsdóttir, Svanhildur Ylfa Dagbjartsdóttir og Jóna Margrét Arnarsdóttir.

U19 landslið kvenna

Hélt til Cherkasy í Úkraínu í EM frá 11.-13. janúar. Þetta var 1. umferð keppninnar og spilaði Ísland í riðli 1 ásamt Kýpur, Svíþjóð og Úkraínu. Liðið spilaði þarna við lið á svipuðum stað í þessu móti og náðu ágætum úrslitum þrátt fyrir tap í öllum leikjunum. Þátttakan var gríðarlega mikilvæg fyrir reynslubanka ungra leikmanna íslenska landsliðsins.

Úrslit

11.1.2018. Ísland-Kýpur	0-3 (21-25, 10-25, 21-25)
12.1.2018 Svíþjóð-Ísland	3-0 (25-18, 25-10, 25-18)
13.1.2018 Úkraína-Ísland	3-0 (25-23, 25-8, 25-17)

Þjálfarar voru Emil Gunnarsson og Lorenzo Ciancio en fararstjóri liðsins var Kristín Ágústssdóttir.

Leikmenn: Birta Prastardóttir, Heiða Elísabet Gunnarsdóttir, Eldey Hrafnisdóttir, Steinunn Guðbrandsdóttir, Hrafnhildur Njálsdóttir, Tinna Arnarsdóttir, Valdís Kapitola Þorvarðardóttir, Anna Karen Marinósdóttir, Matthildur Einarsdóttir, Auður Líf Benediktsdóttir, Tinna Rut Þórarinsdóttir, María Bóel Guðmundsdóttir.

U17 landslið kvenna (NEVZA)

Liðið spilaði í IKAST í Danmörku frá 15.-18. október 2018 í NEVZA móti. Liðið spilaði í 8 liða móti og endaði í 7. Sæti eftir spennandi mót. Liðið var ungt að árum og eiga leikmennirnir framtíðina fyrir sér.

Úrslit:

15.10.2018.	Ísland-Grænland	3-0 (25-9, 26-24, 25-20)
15.10.2018.	Ísland-Noregur	0-3 (20-25, 20-25, 22-25)
16.10.2018.	Danmörk-Ísland	3-0 (25-6, 25-4, 25-16)
17.10.2018.	Færeyjar-Ísland	3-1 (25-13, 25-10, 12-25, 25-20)
17.10.2018.	Ísland-Svíþjóð	0-3 (18-25, 12-25, 11-25)
18.10.2018.	Grænland-Ísland	0-3 (15-25, 13-25, 13-25)

Þjálfarar voru Ana María Vidal Bouza og Sladjana Smiljanic en fararstjóri var Linda Björg Helgadóttir.

Leikmenn: Matthildur Einarsdóttir, María Bóel Guðmundsdóttir, Heiðbrá Björgvinsdóttir, Ninna Rún Vésteinsdóttir, Líney Inga Guðmundsdóttir, Sara Ósk Stefánsdóttir, Daníela Grétarsdóttir, Valdís Unnur Einarsdóttir, Freyja Karín Þorvarðardóttir, Katla Hrafnisdóttir, Oddný Halla Haraldsdóttir, Jóna Margrét Arnarsdóttir.

U19 landslið kvenna (NEVZA)

Liðið spilaði í KETTERING í Englandi frá 26.-28. október 2018 í NEVZA móti. Liðið spilaði í 6 liða mót og var í riðli með Englandi og Danmörku. Ísland endaði í 5. sæti mótsins.

Úrslit

26.10.2018	Danmörk-Ísland	3-0 (25-18, 25-16, 25-13)
26.10.2018	England-Ísland	3-2 (22-25, 25-12, 18-25, 25-18, 15-10)
27.10.2018	Noregur-Ísland	3-0 (25-17, 25-16, 25-21)
28.10.2018	Færeyjar-Ísland	0-3 (14-25, 19-25, 22-25)

Þjálfarar voru Emil Gunnarsson og Lárus Jón Thorarensen en fararstjóri liðsins var Kristján Geir Guðmundsson og Sigurður Örn Gunnarsson var sjúkráþjálfari liðsins.

U20 landslið karla

Hélt til Færeyja í EM SCD frá 23.-25. mars. Þetta var lokamót keppinnar og spilaði Ísland við heimamenn í Færeyjum, Skotland og Luxemborg. Liðið spilaði vel í mótinu en þátttakan var gríðarlega mikilvæg fyrir reynslubanka ungra leikmanna íslenska landsliðsins. Liðið endaði í þriðja sæti eftir glæsilegan sigur í lokaleiknum 3-0 gegn Skotlandi.

Úrslit

23.3.2018.	Færeyjar-Ísland	3-1 (25-17, 25-23, 18-25, 25-18)
24.3.2018	Luxembourg-Ísland	3-1 (24-26, 25-15, 25-16, 25-23)
25.3.2018	Ísland-Skotland	3-0 (25-17, 25-16, 25-14)

Þjálfarar voru Eduardo Herrero Berenguer og Andri Hnikarr Jónsson en fararstjóri liðsins var Jason Ívarsson.

Leikmenn: Hilmir Berg Halldórsson, Börkur Marinósson, Ólafur Örn Thoroddsen, Þórarinn Örn Jónsson, Atli Fannar Pétursson, Galdur Máni Davíðsson, Nökkvi Freyr Halldórsson, Eduard Constantin Bors, Markús Ingi Matthíasson, Kjartan Davíðsson, Valens Torfi Ingimundarson, Sigvaldi Örn Óskarsson.

U17 landslið karla (NEVZA)

Liðið spilaði í IKAST í Danmörku frá 15.-18. október 2018 í NEVZA móti. Liðið spilaði í 7 liða móti og endaði í 6. Sæti eftir spennandi mót. Liðið var ungt að árum og eiga leikmennirnir framtíðina fyrir sér.

Úrslit:

15.10.2018. Finnland-Ísland	3-0 (25-18, 25-15, 25-14)
16.10.2018. Danmörk-Ísland	3-0 (25-22, 25-13, 25-22)
16.10.2018. Noregur-Ísland	3-0 (25-16, 25-16, 25-15)
17.10.2018. England-Ísland	2-3 (25-18, 22-25, 25-17, 19-25, 13-15)
18.10.2018. Danmörk-Ísland	3-0 (25-13, 25-13, 25-15)

Þjálfarar voru Borja Gonzalez Vicente og Ragnar Ingi Axelsson og fararstjóri Linda Björg Helgadóttir

Leikmenn: Börkur Marinósson, Hermann Hlynsson, Henrik Hákonarson, Sigvaldi Örn Óskarsson, Elvar Örn Halldórsson, Kári Kresfelder Haraldsson, Sigurður Bjarni Kristinsson, Elvar Breki Árnason, Hlynur Karlsson, Valens Torfi Ingimundarson, Kári Eydal, Sölvi Páll Sigurpálsson.

U19 landslið karla (NEVZA)

Liðið spilaði í KETTERING í Englandi frá 26.-28. október 2018 í NEVZA móti. Liðið spilaði í 6 liða mót og var í riðli með Englandi og Danmörku. Ísland endaði í 6. sæti mótsins.

Úrslit:

26.10.2018. Danmörk-Ísland	3-0 (25-13, 25-11, 25-18)
26.10.2018. England-Ísland	3-0 (25-18, 25-13, 25-16)
27.10.2018. Noregur-Ísland	3-0 (25-17, 25-16, 25-17)
28.10.2018. Ísland-Færeyjar	1-3 (16-25, 23-25, 25-23, 19-25)

Þjálfarar voru Massimo Pistoia og Ólafur Jóhann Júlíusson en fararstjóri Kristján Geir Guðmundsson og sjúkrapjálfari Sigurður Örn Gunnarsson.

Leikmenn: Galdur Máni Davíðsson, Atli Fannar Pétursson, Þórarinn Örn Jónsson, Hilmir Berg Halldórsson, Ólafur Örn Thoroddsen, Hafsteinn Már Sigurðsson, Markús Ingi Matthíasson, Elvar Örn Halldórsson, Valens Torfi Ingimundarson, Nökkvi Freyr Halldórsson, Eduard Constantin Bors, Andri Snær Sigurjónsson.

Karlalandsliðið

Aðalþjálfari karlalandsliðsins var ráðinn í janúar, Christophe Achten en hann fékk samning fram yfir Smáþjóðaleikana 2019 í Svartfjallalandi. Undirbúningur fyrir verkefni ársins hófst með tveggja vikna æfingatörn í maímánuði en svo að fullu frá miðjum júlí 2018.

Liðið fór til Finnlands í æfingabúðir 8. ágúst og endaði þá ferð með því að spila fyrsta leikinn í Evrópukeppninni gegn Slóvakíu úti 15. ágúst. Þann 19. ágúst spilaði liðið heimaleik gegn Moldavíu og svo spilaði liðið tvo leiki við Svartfjallaland, fyrst úti þann 22. ágúst og svo heima 26. ágúst. Er þetta í fyrsta sinn sem íslenska liðið spilar í svona fyrirkomulagi þar sem mikið er um ferðalag og stutt á milli leikja og því mikil frumraun.

Allir leikir liðsins töpuðust enda liðin í svokölluðum A og B flokki landsliða í Evrópu. Þátttakan er hins vegar gríðarlega mikilvæg fyrir landsliðið sem sýndi á köflum að það er að styrkjast.

Úrslit í C riðli

15.8.2018.	Slóvakía-Ísland	3-0 (25-7, 25-15, 25-17)
19.8.2018	Ísland-Moldova	0-3 (12-25, 11-25, 22-25)
22.8.2018	Svartfjallaland-Ísland	3-0 (25-15, 25-20, 25-15)
26.8.2018	Ísland-Svartfjallaland	0-3 (20-25, 20-25, 21-25)

Þjálfarar voru Christophe Achten og Massimo Pistoia. Sjúkraþjálfari liðsins var Sigurður Örn Gunnarsson en fararstjórar liðsins voru Björg Erlingsdóttir og Valdimar Hafsteinsson.

Leikmenn: Andreas Hilmar Halldórsson, Lúðvík Már Matthíasson, Kristján Valdimarsson, Stefán Gunnar Þorsteinsson, Hafsteinn Valdimarsson, Alexander Arnar Þórisson, Felix Þór Gíslason, Valens Torfi Ingimundarson, Galdur Máni Davíðsson, Nökkvi Halldórsson, Máni Matthíasson, Ragnar Ingi Axelsson, Arnar Birkir Björnsson, Bjarki Benediktsson og Valþór Ingi Karlsson.

Kvennalandslíðið

Erfiðar aðstæður mynduðust þegar aðalþjálfari kvennalandslíðsins og tæknistjóri kvennablaðs á Íslandi ákvað að hætta störfum í lok apríl. Voru þá góð ráð dýr þar sem stutt var í að æfingatímabil myndi hefjast og ákveðið var að Emil Gunnarsson tæki við kvennaliðinu en hann hafði verið aðstoðarþjálfari liðsins. Með honum var annar ítalskur þjálfari fenginn til landsins til að aðstoða við þjálfun í júní. Í lok júní þurfti Emil að frá að hverfa af persónulegum ástæðum og var ákveðið að ráða inn nýtt þjálfarateymi fyrir kvennaliðið. Þau Borja Gonzalez Vicente og Ana Maria Vidal Bouza tóku við liðinu og fengu til liðs við sig Lárus Jón Thorarensen til að aðstoða við þjálfun.

Liðið byrjaði að æfa um miðjan júlí og fór til Noregs þann 10. ágúst í æfingaferð. Einn vináttulandsleikur var spilaður við Noreg auk fleiri æfingaleikja en þaðan hélt liðið áfram til Belgíu til að spila sinn fyrsta leik þann 15. ágúst í A riðli EM. Þann 19. ágúst spilaði liðið við Slóveníu heima og svo spilaði liðið tvo leiki við Ísrael, úti þann 22. ágúst og heima þann 26. ágúst.

Allir leikir liðsins töpuðust enda liðin í svokölluðum A og B flokki landsliða í Evrópu. Þátttakan er hins vegar gríðarlega mikilvæg fyrir landsliðið sem sýndi á köflum að það er að styrkjast.

Úrslit í A riðli

15.8.2018.	Belgía-Ísland	3-0 (25-4, 25-8, 25-10)
19.8.2018	Ísland-Slóvenía	0-3 (18-25, 16-25, 13-25)
22.8.2018	Ísrael-Ísland	3-0 (25-19, 25-20, 25-18)
26.8.2018	Ísland-Ísrael	0-3 (11-25, 12-25, 18-25)

Þjálfarar voru Borja Gonzalez Vicente og Ana Maria Vidal Bouza. Sjúkraþjálfari liðsins var Mundína Ásdís Kristinsdóttir en fararstjóri liðsins var Berglind Valdimarsdóttir.

Leikmenn: Sigdís Lind Sigurðardóttir, Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir, Hjördís Eiríksdóttir, Rósa Dögg Ægisdóttir, Líney Inga Guðmundsdóttir, Birta Björnsdóttir, Sara Ósk Stefánsdóttir, Matthildur Einarsdóttir, Valdís Kapítala Þorvarðardóttir, Thelma Dögg Grétarsdóttir, Steinunn Helga Björgólfsdóttir, Unnur Árnadóttir, Erla Rán Eiríksdóttir, Hanna María Friðriksdóttir, Kristína Apostolova og Elísabet Einarsdóttir.

Alþjóðlegir dómara

Tveir íslenskir blakdómara eru með alþjóðleg réttindi. Jón Ólafur Valdimarsson síðan árið 2005 og Sævar Már Guðmundsson síðan árið 2011. Á árinu 2018 fóru dómara sambandsins í fjölmörg verkefni, bæði í Evrópukeppni félagsliða og landsliða. Þá hafa þeir það megin hlutverk að miðla þekkingu sinni og reynslu meðal dómara á Íslandi.

Jón Ólafur var eini dómari sem sambandið sendi í NEVZA mót U17 í lkast en þangað má einnig senda landsdómara í efsta þrepi á Íslandi. Sævar Már fór í NEVZA mót U19 og með honum fór Sigurbjörn Árni Arngrímsson.

Markmiðið er að senda dómara með hverju liði sem fer í NEVZA mót á hverju ári, annar alþjóðlegur og hinn landsdómari. Þannig ná fleiri í alþjóðlega reynslu sem er gríðarlega mikilvæg fyrir dómgæslu á Íslandi.

Samantekt

Að auki við þessi verkefni hér að ofan má nefna páskaferð kvennalandsliðsins til Ítalíu. Alls fóru 49 manns á vegum BLÍ í þá ferð þar sem B landsliðið spilaði í æfingamótinu Pasqua Challenge og yngri landsliðin 2 spiluðu í Easter Volley. Tíu manns voru í starfsliðinu í þessari ferð með liðin en 15 leikmenn í B hópi spiluðu í fullorðinsliðinu en 26 leikmenn voru í 2 yngri liðum í Easter Volley. Ferðin heppnaðist frábærlega þrátt fyrir að úrslitin hefðu ekki verið ákjósanleg enda um æfingaferð að ræða.

Að öðru leyti hefur Afreksstarf sambandsins gengið vel. Afreksbúðir fyrir rúmlega 100 ungmenni frá 14-20 ára voru haldnar 18.-19. ágúst í Mosfellsbænum þar sem landsliðsþjálfarar skipulögðu æfingar ásamt öðrum þjálfurum á Íslandi. Það er ljóst að halda þarf vel á spöðunum með ungmennin okkar og halda afreksbúðir að vori og að hausti. Síðasta sumar vorum við með sérstakar æfingahelgar fyrir unglingalandsliðin okkar í afmörkuðum hópi en við réðum þjálfara frá Ítalíu til að sjá um nokkrar helgar, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

Landsliðsnefnd BLÍ vill að lokum þakka þjálfurum, sjúkráþjálfurum, fararstjórum og öllum þeim sem hjálpað hafa til við starfið, kærlega fyrir þeirra framlag til Blaksambands Íslands.

Landsliðsnefnd BLÍ

Skýrsla dómaranefndar BLÍ

Í nefndinni voru Leifur Harðarson, Jón Ólafur Valdimarsson, Kristján Geir Guðmundsson og Sævar Már Guðmundsson. Það sem af er tímabili hefur starfið gengið ágætlega. Fyrirfram var búist við erfiðleikum við að manna leiki þennan vetur en það hefur gengið ágætlega með fjölgun dómara. Þó var áskorun fyrir nefndina og dómara fyrir norðan að takast á við fjölgun liða í næst efstu deild á því svæði en tvö lið eru nú á Siglufirði og eitt á Húsavík.

Félögin sem halda umferðamótin sjá hag sinn í því að sjá alfarið um dómgæslu í neðri deildarmótum. C réttindi þarf til þess að dæma í neðri deildunum en leikreglunámskeið dugir til þess að öðlast þau réttindi. Þónokkur félög nýttu sér þetta í vetur og voru nefndarmenn með nokkur námskeið.

Nú er komin ágæti reynsla á að nota línuverði í efstu deild en félögin nýta sitt fólk í þessi störf. Ágætlega hefur tekist hjá félögunum en betur má ef duga skal. Það er mat dómara að það sé oftast ekki betra að hafa línuverði. Lykilatriði er að félögin eigi sína línuverði sem séu að gera þetta reglulega, ekki endilega nýr í hvert skipti.

Dómaranefnd BLÍ skipar dómara á alla leiki Íslandsmótsins. Línuverðir í úrslitahelgi í bikar og úrslitarimmum Íslandsmótsins skulu vera fjórir og skipaðir af dómaranefnd BLÍ.

Alþjóðlegu dómarnir okkar, Jón Ólafur Valdimarsson og Sævar Már Guðmundsson dæmdu fjölmarga leiki erlendis á síðasta starfsári. Dæmdu þeir báðir leiki í NEVZA keppnum unglunga, Sævar fór til Kettering í U19 mót og með honum var landsdómarinn Sigurbjörn Árni Arngrímsson. Jón Ólafur fór til IKAST en því miður fannst ekki annar dómari til að fara með honum.

Dómaranefnd sinnir fræðslu og þjálfun fyrir dómara í blaki. Það er mikilvægt að dómarar haldi sér við til að ná að halda í við nýjustu reglur og viðmið sem gefin hafa verið út. Ljóst er að fjölga þarf dómurum sem starfa að jafnaði við leiki í deildakeppninni og bæta í leiðinni gæði dómgæslunnar.

Dómaranefnd BLÍ þakkar þeim dómurum sem störfuðu á síðasta starfsári fyrir vel unnin störf og vonast er eftir góðu samstarfi í framtíðinni.

Dómaranefnd BLÍ

Blaksamband Íslands

Ársreikningur 2018

Unnið af Halldóru Sævarsdóttur

Blaksamband Íslands

Áritun stjórnar

Ársreikningur þessi fyrir árið 2018 er saminn skv. viðurkenndum bókhaldsvenjum og reglum þeim er Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands hefur samræmt fyrir sambandsaðila sína.


Ársreikningur Blaksambands Íslands samanstendur af rekstrarreikningi fyrir árið 2018, efnahagsreikningi þann 31. desember 2018 auk sundurliðana.

Við teljum að hann endurspegli afkomu Blaksambands Íslands fyrir ofangreint starfsár og samþykkjum hann hér með með undirritun okkar



Jason Ivarsson

formaður BLÍ



Árni Jón Eggertsson

gjaldkeri BLÍ



Sævar Már Guðmundsson

framkvæmdastjóri BLÍ

Áritun skoðunarmanna BLÍ

Við undirritaðir skoðunarmenn BLÍ höfum yfirfarið ársreikning sambandsins fyrir árið 2018. Við höfum yfirfarið efnahagsliði í árslok og fengið greið svör við öllum fyrirspurnum.

Við leggjum því til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Akureyri, 28. mars 2019



Hjörtur Bjarki Halldórsson

kjörinn skoðunarmaður



Davíð Búi Halldórsson

kjörinn skoðunarmaður

Rekstrarreikningur ársins 2018

	skýr	2018	2017
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir.....	1	29.697.245	25.217.185
Mótatekjur.....	2	15.701.204	16.981.350
Aðrar tekjur.....	3	20.650.031	25.722.891
		<u>66.048.480</u>	<u>67.921.426</u>
Rekstrargjöld			
Yfirstjórn.....	4	18.331.485	10.881.841
Íþróttaleg viðskipti.....	5	47.494.816	55.566.812
Kynning og fræðsla.....	6	1.396.083	755.304
Önnur gjöld.....	7	104.821	154.248
Afskriftir.....	8	250.000	250.000
		<u>67.577.205</u>	<u>67.608.205</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(1.528.725)	313.221
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur.....	9	162	11.998
Vaxtagjöld.....	10	<u>(216.719)</u>	<u>(100.628)</u>
		<u>(216.557)</u>	<u>(88.630)</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>(1.745.282)</u>	<u>224.591</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	skýr	2018	2017
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	11	346.086	346.086
Blakdúkur.....	12	<u>1.000.000</u>	<u>1.250.000</u>
<i>Fastafjármunir samtals</i>		<u>1.346.086</u>	<u>1.596.086</u>
 Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur.....	13	7.188.511	4.957.120
Handbært fé	14	<u>1.365</u>	<u>1.938.139</u>
<i>Veltufjármunir samtals</i>		<u>7.189.876</u>	<u>6.895.259</u>
 Eignir samtals		<u>8.535.962</u>	<u>8.491.345</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	skýr	2018	2017
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé.....	15	<u>3.682.198</u>	<u>5.427.480</u>
<i>Eigið fé samtals</i>		<u>3.682.198</u>	<u>5.427.480</u>
 Skammtímaskuldir			
Yfirdráttur bankareikninga.....	16	2.526.843	0
Viðskiptareikningur ÍSÍ.....	17	0	1.771.113
Ógreiddur kostnaður.....	18	803.886	683.670
Aðrar skammtímaskuldir.....	19	<u>1.523.035</u>	<u>609.082</u>
<i>Skuldir samtals</i>		<u>4.853.764</u>	<u>3.063.865</u>
 Eigið fé og skuldir samtals			
		<u>8.535.962</u>	<u>8.491.345</u>

Sundurliðanir

Tekjur	2018	2017	
Framlög og styrkir			
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ.....	2.636.220	2.567.335	
Lottó.....	7.588.115	6.878.600	
Ólympíusamhjálpin.....	3.322.910		
Afreksstyrkir ÍSÍ.....	10.500.000	8.400.000	
Ríkisstyrkur.....	3.150.000	3.200.000	
Aðrir styrkir.....	2.500.000	4.171.250	
	<u>29.697.245</u>	<u>25.217.185</u>	1
15100 Bikarkeppni			
Þátttökugjöld.....	515.000	845.000	
styrktaraðilar.....	1.019.023	905.000	
aðgangseyrir.....	591.310	502.609	2
	<u>2.125.333</u>	<u>2.252.609</u>	
15200 Íslandsmót			
Þátttökugjald.....	10.600.000	10.375.000	2
fjölmíðlagjald.....	330.000		
styrktaraðilar.....	1.500.000	1.210.800	
	<u>12.430.000</u>	<u>11.585.800</u>	
	2018	2017	
15400 Strandblaksmót Yngriflokkamót 15300			
Þátttökugjöld.....	31.500	169.948	2
	<u>31.500</u>	<u>169.948</u>	
15550 Alþjóðamót			
Tekjur v/EM frá þjóðum og CEV ofl.....	1.114.371	2.972.993	2
	<u>1.114.371</u>	<u>2.972.993</u>	2
Mótatekjur samtals	15.701.204	16.981.350	2
Fjáraflanir			
13000 Yngriflokkanevnd			
Þátttökugjöld Öldungamót BLÍ.....	2.083.314	1.784.500	
Afreksbúðir BLÍ.....	0	72.000	
Blak í skóla.....	500.000		3
	<u>2.583.314</u>	<u>1.856.500</u>	
14100 A Landslið karla			
Ferðagjald.....	1.721.000	381.800	
Styrkir.....	19.350	41.341	
	<u>1.740.350</u>	<u>423.141</u>	3
14200 A landslið kvenna			
Ferðagjald.....	1.326.117	2.393.291	
Styrkir.....		15.519	
Ferðagjald strandblak.....		206.000	
	<u>1.326.117</u>	<u>2.614.810</u>	3

	2018	2017	
14400 U 19			
ferðagjald.....	3.835.000	2.811.000	
Styrkir.....	472.000		
	<u>4.307.000</u>	<u>2.811.000</u>	3
14500 U 17			
ferðagjald.....	4.007.500	6.405.080	
sala styrkir.....	413.696	1.653.694	
	<u>4.421.196</u>	<u>8.058.774</u>	3
Aðrar fjáraflanir			3
Landslið.....	1.278.744	3.805.168	
lökendagjald.....	4.128.000	5.259.920	
	<u>5.406.744</u>	<u>9.065.088</u>	3
Annað			
félagaskipti.....	865.310	828.608	
aðrar tekjur.....		64.970	
	<u>865.310</u>	<u>893.578</u>	3
Aðrar tekjur samtals	20.650.031	25.722.891	3

Gjöld

Laun og launatengd gjöld

laun.....	10.609.484	5.719.399	
tryggingagjald.....	816.236	436.488	
mótframlag í lífsj.....	1.094.141	538.336	
mótframlag í séreignarsjóð.....	212.190	114.390	
Endurhæfingasjóður.....	10.613	5.716	
mótframlag til stéttarfélags.....	163.411	88.648	
dagpeningar.....	<u>2.176.500</u>	<u>1.321.500</u>	4
	<u>15.082.575</u>	<u>8.224.477</u>	

32000 Stjórnunarkostnaður

funda og þingkostnaður.....	869.781	924.755	
kaffikostnaður og risna.....	247.390	238.100	
tölvukostnaður heimasíða.....	296.108	257.296	
ferðakostnaður v/námskeiða.....	54.087	0	
húsaleiga.....	<u>556.140</u>	<u>539.748</u>	4
	<u>2.023.506</u>	<u>1.959.899</u>	4

	2018	2017	
53000 Rekstur skrifstofu			
sími.....	150.928	203.031	
ritföng.....	41.812	45.878	
prentun.....	28.181	15.685	
póstkostnaður.....	6.251	8.708	
gjaldfærð áhöld.....	468.283	82.168	
annar skrifstofukostnaður.....	529.949	341.995	4
	<u>1.225.404</u>	<u>697.465</u>	
Yfirstjórn samtals	18.331.485	10.881.841	
 34100 A-landslið karla			
ferðir karla.....	5.209.961	2.602.633	
gisting og uppihald.....	330.660	1.738.980	
ferðakostaður innanlands kk.....	608.911	865.987	
búningar.....	292.794	1.275.606	
leyfisgjöld og tryggingar.....	199.981	0	
fagteymi.....	113.674	508.192	
þjálfarar.....	1.636.387	1.310.419	
annað.....	348.818	320.973	5
	<u>8.741.186</u>	<u>8.622.790</u>	
 34200 A-landslið kvenna			
ferðir kvenna.....	4.272.722	4.754.200	
leyfisgjöld og tryggingar.....	198.677	3.284.647	
fagteymi.....	282.100	577.437	
ferðakostnaður innanlands	666.772	347.275	
Tryggingar, fagteymi, bolir o.fl.....		636.146	
þjálfarar.....	1.160.403	1.704.699	
búningar.....	471.584	579.754	
annað.....	449.515	1.083.749	5
	<u>7.501.773</u>	<u>12.967.907</u>	
 36000 Strandblak - landslið			
ferðir strand.....		326.514	
gisting.....		30.351	
ferðakostnaður innanlands		437.037	
	<u>0</u>	<u>793.902</u>	5

	2018	2017	
37000 U 19			
ferðir	3.949.556	2.213.174	
gisting og uppihald u19.....	1.795.340	380.672	
fagteymi.....	262.265	980.761	
ferðakostnaður innanlands	997.120	635.930	
þjálfarar.....	701.065	774.800	
annað.....	336.926	457.782	5
	<u>8.042.272</u>	<u>5.443.119</u>	
57000 U 17			
ferðir kvk.....	4.130.451	2.916.309	
gisting og uppihald.....	2.560.725	4.093.862	
fagteymi.....	131.924	261.554	
ferðakostnaður innanlands.....	516.042	708.020	
þjálfarar.....	70.000	1.012.741	
annað.....	409.488	756.678	5
	<u>7.818.630</u>	<u>9.749.164</u>	
42000 Íslandsmót			
Húsaleiga.....			
dómarar.....	3.644.006	4.993.744	
verðlaun.....	446.750	397.120	
útsending.....	1.900.000	600.000	
ferðakostnaður	371.797	639.944	
annað.....	553.465	1.353.991	5
	<u>6.916.018</u>	<u>7.984.799</u>	
43000 Yngriflokkamót			
Verðlaun.....	135.000	19.250	5
45000 Strandblaksmót			
verðlaun.....	78.150	105.700	
Dómarar.....		58.000	
annað.....			5
	<u>78.150</u>	<u>163.700</u>	
49000 EM smáþjóða			
heimaleikir EM.....	6.082.120	7.495.139	5
□.....			
48500 Bikarmót			
húsaleiga.....	195.920	364.500	
dómarar.....	456.426	510.795	
verðlaun.....	171.300	43.800	
ferðakostnaður.....	122.122	6.107	
útsending bikar.....	1.111.940	1.307.477	
annað.....	121.959	94.363	5
	<u>2.179.667</u>	<u>2.327.042</u>	
Íþróttaleg viðskipti samtals	47.494.816	55.566.812	5

	2018	2017	
56000 kynning fræðsla útbreiðsla			
ferðakostnaður o.fl.....	365.617	638.472	
styrkir.....	150.000		
annar kostnaður v/útbreiðslu.....	880.466	101.832	
námskeið.....		15.000	6
	<u>1.396.083</u>	<u>755.304</u>	6
	2018	2017	
ýmislegt			
ýmis kostnaður.....		17.237	7
þjónustugjöld banka.....	37.292	73.345	
árgjöld NEVZA SCD.....	25.219		7
árgjöld CEV.....	31.480	52.442	7
árgjöld FIVB.....	10.830	11.224	7
fyrningar.....	250.000	250.000	8
	<u>354.821</u>	<u>404.248</u>	7
			8
fjárm.tekjur og gjöld			
vaxtatekjur.....	162	11.998	9
vaxtagjöld.....	(216.685)	(98.986)	10
dráttarvextir.....			10
fjármagnstekjuskattur.....	(34)	(1.642)	10
	<u>(216.557)</u>	<u>(88.630)</u>	

Sundurliðanir

Eignir

	2018	2017	
Tölvubúnaður.....	346.086	346.086	11
Blakdúkur.....	1.000.000	1.250.000	12
Viðskiptakröfur inneign hjá félögum.....	165.000	165.000	13
viðskiptakröfum sölukerfi.....	4.413.609	4.387.700	13
fyrirframgreidd laun.....	0	4.420	13
viðskiptareikningur ÍSí.....	1.609.902		13
viðskiptareikningur ÍSí sjóðir.....	1.000.000	400.000	13
reikningur 7570.....	0	1.915.154	14
reikningur 4062.....	726	500	14
reikningur 1918.....	0	0	14
reikningur 2272 kvk landslið (88240).....	42	4.606	14
reikningur 2271 kk landslið (88250).....	95	2.377	14
reikningur strand 7571 (88260).....	502	15.502	14
	<u>8.535.962</u>	<u>8.491.345</u>	

Skuldir

reikningur 7570.....	(2.526.843)		16
			16
viðskiptareikningur ÍSí.....	0	(1.771.113)	17
ógreiddur kostnaður/aun.....	(803.886)	(683.670)	18
ógreiddir tryggingargjald.....	(71.599)	(67.783)	19
ógreidd staðgreiðsla.....	(209.628)	(197.515)	19
ógreidd lífeyrissjóðsgjöld.....	(186.904)	(270.352)	19
ógreitt meðlag.....	(33.168)	(31.679)	19
ógreitt til stéttarfélaga.....	(21.736)	(41.753)	19
aðrar skuldir.....	<u>(1.000.000)</u>		19
	<u>(4.853.764)</u>	<u>(3.063.865)</u>	

Eigið fé

Staða 1/1.....	5.427.480	5.202.889	
Afkoma ársins.....	<u>(1.745.282)</u>	<u>224.591</u>	
	<u>3.682.198</u>	<u>5.427.480</u>	15

Viðaukar

Listi yfir þá sem hlotið hafa heiðursmerki BLÍ

þann 23. mars 2019 höfðu eftirtaldir hlotið heiðursmerki BLÍ

Heiðursmerkishafar BLÍ - Gull	ár	Silfurmerkishafa BLÍ silfur	ár
John Framnes	1973	Arngrímur Þorgrímsson	
Albert H.N. Valdimarsson	1973	Jón Ólafur Valdimarsson	
Anton Bjarnason	1975	Stefán Jóhannesson	
Hermann Stefánsson	1974	Jason Ívarsson	
Ólafur Sigurðsson	1993	Leifur Harðarson	
Kjartan Páll Einarsson	1995	Björn Guðbjörnsson	
Guðmundur Arnaldsson	1995	Elma Guðmundsdóttir	
Gunnar Árnason	1997	Guðrún Kristín Einarsdóttir	
Halldór Jónsson	1997	Jón Árnason	
Grímur Magnússon	1997	Sigurður Arnar Ólafsson	
Stefán Jóhannesson	1999	Þorvarður Bragi Sigfússon	
Arngrímur Þorgrímsson	2001	Berglind Þórhallsdóttir	1997
Björn Guðbjörnsson	2001	Stefán Magnússon	1998
Valdimar Örnólfsson	2001	Vilborg Guðmundsdóttir	2004
Berglind Þórhallsdóttir	2002	Geir Guðnason	2004
Björgólfur Jóhannsson	2002	Ástríður Valbjörnsdóttir	2007
Leifur Harðarson	2002	Haukur Valtýsson	2008
Petrún Björg Jónsdóttir	2002	Gunnar Garðarsson	2008
Skjöldur Vatnar Björnsson	2002	Davíð Búi Halldórsson	2008
Þorvaldur Sigurðsson	2002	Viðar Gylfason	2008
Jónas Traustason	2003	Vigfús Örn Gíslason	2008
Dr. Ingimar Jónsson	2005	Zdravko Demirev	2009
Júlíus Hafstein	2006	Karl Sigurðsson	2009
Sigurður Arnar Ólafsson	2008	Ásta Sigrún Gylfadóttir	2011
Vignir Þröstur Hlöðversson	2008	Svala Vignisdóttir	2012
Guðmundur Helgi Þorsteinsson	2008	Kristján Geir Guðmundsson	2012
Jón Ólafur Valdimarsson	2012	Miglana Apostolova	2012
Guðrún Kristín Einarsdóttir	2012	Einar Sigurðsson	2012
Karl Sigurðsson	2012	Apostol Apostolov	2012
Ásta Sigrún Gylfadóttir	2014	Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir	2012
Einar Sigurðsson	2014	Brynjar Júlíus Pétursson	2012
Emil Gunnarsson	2018	Aðalsteinn Einar Eymundsson	2012
Fríða Sigurðardóttir	2018	Sævar Már Guðmundsson	2014
		Halldór Ingi Kárasen	2014
		Sigurlaugur Ingólfsson	2014
		Björg Ragna Erlingsdóttir	2014
		Hrafnhildur Theódórsdóttir	2014
		Óskar Hauksson	2015
		Hildur Mósesdóttir	2017
		Grétar Eggertsson	2016
		Filip Pawel Szczewzyk	2018
		Una Kristjana Jónatansdóttir	2018
		Karl Matthías Valtýsson	2018
		Ólafur Jóhann Júlíusson	2018
		Árni Jón Eggertsson	2018
		Sigurbjörn Árni Arngrímsson	2018
		Mundína Ásdís Kristinsdóttir	2018

Leikmenn 50 landsleikir

Oddný Erlendsdóttir	1997
Birna Hallsdóttir	2007
Vignir Hlöðversson	2007
Emil Gunnarsson	2007
Ólafur Heimir Guðmundsson	2007
Fríða Sigurðardóttir	2007
Róbert Karl Hlöðversson	2009
Valur Guðjón Valsson	2009
Ingibjörg Gunnarsdóttir	2011
Elsa Sæný Valgeirsdóttir	2013
Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir	2015
Karen Björg Gunnarsdóttir	2016
Kristján Valdimarsson	2016
Hafsteinn Valdimarsson	2016
Alexander Stefánsson	2017
Hjördís Eiríksdóttir	2017
Erla Rán Eiríksdóttir	2019

Heiðursformenn BLÍ

Albert H.N. Valdimarsson	2012
Dr. Ingimar Jónsson	2012
Tómas Tómasson	2012
Guðmundur Arnaldsson	2012
Björgólfur Jóhannsson	2012
Skjöldur Vatnar Björnsson	2012
Kjartan Páll Einarsson	2012
Arngrímur Þorgrímsson	2012
Björn Guðbjörnsson	2012
Stefán Jóhannesson	2012
Júlíus Hafstein	2012